

Fyrirspurn

til félags- og tryggingamálaráðherra um fjölþáttameðferð utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá Kristjáni Þór Júlíussyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra tryggja að komið sé til móts við þarfir stórra þéttbýliskjarna utan höfuðborgarsvæðisins, svo sem á Norðurlandi, þannig að tryggt sé að íbúum þar verði boðið upp á fjölþáttameðferð (MST)?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að Barnaverndarstofa geri þjónustusamning, t.d. við barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, um að koma upp fjölþáttameðferðarteymi fyrir íbúa á Norðurlandi?
3. Hefur farið fram mat á meðferðarheimilum, faglegu starfi þeirra og árangri, og því hvaða áhrif breytingar á meðferðarúrræðum hafa haft á þjónustu við íbúa á landsbyggðinni?

Skriflegt svar óskast.